

Starfsreglur Öryggisnefndar Foreldrafélags Álfhólsskóla

1. Tilgangur og umfang

Skjal þetta lýsir skipulagi og starfsháttum Öryggisnefndar Foreldrafélags Álfhólsskóla.

2. Hlutverk Öryggisnefndar

Öryggisnefnd vaktar helstu áhættuþætti í umhverfi skólans, sér í lagi þeim er eru utan skólalóðar, og kemur ábendingum á framfæri til Kópavogsbæjar og skólaráðs.

3. Skipan

Öryggisnefnd er skipað af a.m.k. þremur foreldrum, allir kosnir á fyrri fulltrúaráðsfundi FFÁ hvert skólaár.

4. Verklag

Öryggisnefnd fundar a.m.k. tvisvar á ári.

Formaður þess undirbýr fundi og heldur fundargerðir.

Öryggisnefnd skoðar a.m.k. árlega gönguleiðir barna í myrkri til að fylgjast með lýsingum, merkingum og öðrum áhættuþáttum á gönguleiðum.

Öryggisnefnd fundar að minnsta kosti einu sinni á vetri með öryggisnefnd Álfhólsskóla.

Á fundum eru farið yfir helstu áhættuþætti á skólaleið nemenda Álfhólsskóla og ábendingum er komið til yfirvalda Kópavogsbæjar og Öryggisnefndar Álfhólsskóla.

Gert er grein fyrir helstu áhættuþáttum á aðalfundi foreldrafélagsins.

5. Útgjöld

Öryggisnefnd getur ekki lagt í nein útgjöld nema með samþykki stjórnar FFÁ.

6. Endurskoðun skipulags

Árlega rýnir Öryggisnefnd þetta verklag og kynnir fyrir foreldrafélagi skólans á aðalfundi.